

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

32

4. febr.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stafliður c í 1. gr. laganna orðist þannig:

Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík fái aðgang til sundnáms í sundhöllinni, enda geri fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur samkomulag sín á milli um kostnað, sem af þessu hlýzt, og greiðslu þess kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.